

- 15:55-17:30 Erindi 30-32 – Fundarstjórar:** Tryggvi Stefánsson, Þorvaldur Ingvarsson
- 15:55-16:10 **Pulmonary Sequestration and its Range of Symptoms. A Review of 8 Surgically Treated Cases** – Andreas Pikwer
- 16:10-16:25 **Aðgerðir vegna ristilkrabbameins á Landspítala 1994-1998**  
– Hrafnhildur Stefánsdóttir
- 16:25-16:40 **Úrnám bugaristils með aðstoð kviðsjár á Landspítala 1999-2003**  
– Fjalmar Elvarsson

### Veggspjöld 1 og 2

- Þróun hvekkjaðgerða á FSA 1992-2002** – Valur Þór Marteinsson  
**Árangur nýranámsaðgerða með kviðsjártækni og aðstoð handar**  
– Valur Þór Marteinsson, Hafsteinn Guðjónsson, Sigurður M. Albertsson

19:30 Hátíðarkvöldverður Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands á hótél Nordica

## Ávarp

*Kæru félagar, kollegar, gestir og stuðningsaðilar*

Það er ánægjulegt að kynna enn eitt sameiginlegt ársþing Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands 2005.

Ársþingið 2004 var okkar fyrsta sameiginlega þing þar sem dagskrá stóð í tvo heila daga. Fannst okkur sem að þessu stóðum fyrirkomulagið takast einstaklega vel.

Dagskráin í ár samanstendur af tveimur málþingum og frjálsum erindum. Uppistaða þingsins eins og undanfarin ár eru frjáls erindi. Í fyrra var það áberandi hversu yngri kollegar og verðandi kollegar stóðu sig geysilega vel með vel unnin verk efni og skýran og góðan flutning. Frjálsu erindin verða flutt eftir hádegi báða dagana.

Þingið hefst á föstudagsmorgni með spennandi málþingi um gervilífæri. Eftir því sem þróun í gjörgæslu- og skurðlækningum fleygir fram hafa möguleikar til að meðhöndla ýmsar líffærabilanir stóraukist. Þessi hátæknimeðferð krefst mikillar samvinnu mismunandi sérgreina.

Á laugardagsmorgni er annað spennandi málþing um grindarbotnsvandamál sem eru algeng hjá konum sem fætt hafa börn. Einkennin geta verið margvísleg, til dæmis þvagleki, einkenni um líffæra-

sig auk hægðatregðu og/eða hægðaleka. Sumar konur hafa haft einkenni svo árum skiptir og ekki fengið lausn sinna mála þrátt fyrir endurteknar heimsóknir til lækna. Flókin grindarbotnsvandamál þarf oft að nálgast með samvinnu margra sérgreina eða teymisvinnu til þess að góður árangur náist. Þetta málþing fjallar um teymisvinnu í greiningu og meðferð grindarbotnsvandamála.


Efni þessara tveggja málþinga undirstríkar hversu þverfagleg samvinna er mikilvæg við lausn flókinnna vandamála í nútímalæknisfræði.

Þinginu lýkur á laugardagskvöld með skemmtilegum kvöldverði á hótél Nordica. Hefst hann klukkan 19:30 með fordrykk við undirleik strengjakvartetts. Undir borðhaldi mun landsfrægur skemmtikraftur skemmta gestum.

Fyrir hönd Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands viljum við enn og aftur þakka öllum þeim fyrirtækjum sem styrkt hafa ársþing okkar í gegnum tíðina. Samskipti og tengsl okkar við þessi fyrirtæki með vísindi, fræðslu og kynningu að markmiði eru og munu alltaf vera mikilvæg og nauðsynleg.



**Felix Valsson**



**Helgi H. Sigurðsson**

#### Stjórn Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands

Felix Valsson formaður  
Svein Geir Einarsson varaformaður  
Sigurbergur Kárason gjaldkeri  
María Sigurðardóttir ritari

#### Stjórn Skurðlæknafélags Íslands

Helgi H. Sigurðsson formaður  
Fritz H. Berndsen gjaldkeri  
Hjörtur G. Gíslason ritari